

Lilja S. Sigurðardóttir:

## **Kynjanámskrá Hjallastefnunnar í ljósi nýrrar orðræðu**

### **Forsaga Hjallastefnunnar**

Margrét Pála Ólafsdóttir höfundur Hjallastefnunnar tók árið 1989 við stjórn á nýbyggðum leikskóla; Hjalla í Hafnarfirði. Margrét Pála hafði áður verið skólastjóri í litlum leikskóla í Reykjavík og vildi sýna fram á að hægt væri að reka hágæða leikskólastarf á stórrí stofnun ekki síður en lítilli, en Hjalli var þá einn stærsti leikskóli landsins. Margt var óvenjulegt í þeirri námskrá sem Margrét Pála lagði upp með fyrir leikskólann en kynjaskiptingin var þó það sem vakti mesta athygli. Töldu sumir aðferðina varasama vegna þess að hún gæti mögulega aukið á mismunun kynjanna en aðrir litu á kynjaskiptinguna sem raunhæfa leið til þess að stuðla að jafnrétti í skólum. Það voru erlendir gestir sem hófu að tala um „Hjallemodellen“ sem síðan var farið að kalla Hjallastefnuna á íslensku. Það var því aldrei ætlun Margrétar Pálu að setja fram sérstaka skólastefnu heldur ætlaði hún einungis að byggja upp góðan leikskóla. Nýjar hugmyndir eiga ekki alltaf upp á pallborðið sérstaklega ekki ef þær ganga gegn tíðarandanum að einhverju leyti. Það tók Hjallastefnuna mörg ár að festa rætur í leikskólamenningu landsins en undanfarin ár hefur stefnan einnig verið notuð í grunnskóla enda allar lausnir Hjallastefnunnar yfirfæranlegar á grunnskólastig. Nú síðustu ár hafa sjónir fólks í æ ríkari mæli beinst að lausnum Hjallastefnunnar, sérstaklega í ljósi stöðu drengja í skólum. Í þessari grein er ætlunin að rekja helstu atriði sem liggja til grundvallar jafnréttisuppeldi Hjallastefnunnar og skoða þessi atriði í ljósi nýrrar orðræðu í kynjamálefnum í skólastarfi.

### **Kynin eru ólík**

Hugmyndafræðilegur grundvöllur Hjallastefnunnar byggir á því að kynin séu ólík. Þessi viðurkenning á því að stelpur og strákar séu ekki eins, felur í sér að ólíkum vinnubrögðum þurfi að beita fyrir hvort kyn. Margrét Pála Ólafsdóttir segir í handbók Hjallastefnunnar: „Kynin haga sér ólíkt, birta sig ólíkt, bregðast ólíkt við – þau tala ólíkt og leika sér ólíkt...hvernig getum við þá brugðist „eins“ við báðum kynjum nema hafna í „meðaltals“ starfsháttum sem þjóna hvorugu kyninu?“ Þó Hjallastefnan viðurkenni og gangi út frá því að kynin séu ólík í grundvelli hugmyndafræðinnar tekur stefnan ekki afstöðu til þess hver möguleg orsök þessa kynjamunar sé og gengst þannig hvorki inn á eðlishyggjuhugmyndir né mótunarhyggju. Ef til vill mætti segja að sú grunnhugmynd að kynjaskipt skólastarf og

ákveðnar kennsluáferðir muni breyta hegðun kynjanna geti flokkast undir mótunarhyggju en einnig væri hægt að líta svo á að sú trú að ólíkir kennsluhættir henti hvoru kyni geti flokkast undir einhverskonar eðlishyggju eða mótunareðlishyggju. Margrét Pála segir orsök kynjamunarins ekki skipta máli, það sem skipti raunverulega máli sé hvernig eigi að taka á þeim neikvæðu afleiðingum sem kynjamunurinn hefur. Þessa skoðun má heyra víðar en Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor á Akureyri hefur sagt að ef kynjamunurinn er áunninn sé um að gera að breyta honum, en ef hann er meðfæddur sé engin ástæða til þess að setta sig við afleiðingar hans.

### **Kynjaskipting**

Auk viðurkenningarinnar á því að kynin séu ólík byggir Hjallastefnan kynjaskiptingu sína á því að koma í veg fyrir tvo þætti sem viðgangast í hefðbundnu skólastarfi; beina mismunun vegna kyns og einokun á hefðbundnum kynhlutverkum. Hin beina mismunun sem átt er við er sú misskipting námsgæða í skólum sem fjölmargar rannsóknir hafa staðfest og benda til þess að á Vesturlöndum fái stúlkur einungis um 25-30% af öllu því sem skólinn býður upp á; kennslu, tíma og athygli kennarans, aðstöðu í skólastofunni og rými á leiksvæðum. Rannsóknir á þessu voru algengar á sjöunda og áttunda áratugnum þegar undirmálsstaða stúlkna í skólum var viðurkennd en fræðimenn á borð við Becky Francis hafa tekið saman nýrri rannsóknarniðurstöður og komist að því að þessi misskipting hefur lítið sem ekkert breyst. Berglind Rós Magnúsdóttir gerði rannsókn nýlega í íslenskum unglingabekk og komst að því að þótt stúlkurnar hefðu hærra einkunnir höfðu þær miklu minna vald í félagahópnum og nutu minni virðingar en drengirnir. Drengir fá í blönduðu skólastarfi bróðurpart athygli, kennslu, aðstöðu og rýmis, en umdeilt er hvort öll athyglin sem þeir fá sé hreinn gróði þar sem töluverður hluti hennar er oft í formi skamma og neikvæðra afskipta eins og Margrét Pála Ólafsdóttir benti á 1992 á ráðstefnu Karlanefndar Jafnréttisráðs og fræðimenn hafa verið að sannreyna síðan. Með kynjaskiptu skólastarfi er grundvallar jafnrétti í skólastarfinu tryggt með því að hvort kyn á sína stofu, sitt leiksvæði og sinn kennara.

Hinn meginþátturinn sem hugmyndafræði Hjallastefnunnar reynir að krækja fyrir er einokun kynjanna á hinum hefðbundnu kynhlutverkum. Hvort kyn um sig á hefðarhelgaða leiki, verkefni, hegðun, færni og tilfinningar og einokar það svið svo hitt kynið kemst aldrei að til þess að spreyta sig. Börn vita snemma hvað tilheyrir þeirra kyni og gæta þess flest að halda sig innan þess ramma í hegðun, leikjum, verkefnum, áhuga og getu. Í leikskólastarfi birtist þessi einokun t.d. í því að strákar taka yfir aðstöðu til grófhreyfingar og hreyfileikja, en

stelpur taka yfir aðstöðu til myndsköpunar og finhreyfipjálfunar. Á sama hátt eiga drengirnir forgangsrétt á frumkvæði og áræðni, en stúlkurnar eiga forgangsrétt á vináttu og samskiptum. Svona mætti lengi telja en Margrét Pála segir afleiðingu þessa verða þá að kynin æfi í sífellu sama hefðbundna kynhlutverkið og verði þar með stöðugt einhæfari í færni sinni og möguleikum og læri þar með ekki hvort af öðru nema einungis það hvernig þau eiga ekki að vera! Póststrúktúralískar, femínískar kenningar styðja þetta en þær ganga út frá því að kynin spegli sig hvort í öðru og móti sjálfsmynd sína með því að hafna því sem hitt kynið hefur til að bera. Karlmennt og drengir móti því karlmennsku sína út frá því að hafna kvenlægum gildum og hegðun og á sama hátt móti stúlkur og konur kvenleika sinn með því að hafna karllægum eiginleikum og gildum, þó svo að höfnun stúlkna á karllægum gildum sé hjá eldri stelpum ekki eins sterk og höfnun drengja á kvenleikanum. Kynjaskiptingin minnkar þessa einokun kynjanna með því að fjarlægja „spegilinn“, því þegar drengirnir eru ekki til staðar neyðast stúlkurnar til þess að æfa frumkvæði sitt og áræðni og á sama hátt þurfa drengirnir að taka ábyrgð í samskiptum og vináttu þegar stúlkurnar eru ekki til staðar. Þannig hefur kynjaskiptingin ein og sér sjálfkrafa þær afleiðingar að víkka út hina hefðbundnu sjálfsmynd kynjanna.

Þó svo að kynjaskiptingin ein og sér geri ákveðna hluti er hún ekki nema helmingur þess sem telst jafnréttisuppeldi Hjallastefnunnar. Í raun er kynjaskiptingin grundvöllur og forsenda þess að hægt sé að nota viðeigandi kennsluhætti fyrir hvort kyn. Áströlsku fræðmennirnir Wayne Martino, Bob Lingard og Martin Mills, en þeir tveir síðasttöldu töluðu hér á landi á ráðstefnu um drengjamenningu í grunnskólum fyrir fáum árum síðan, segja að kynjaskipting ein og sér dugi ekki; heldur verði að vinna með annmarka hvorrar kynjamennningar um sig til þess að ná árangri. Þetta gerir Hjallastefnan með kynjanámskránni; einstaklingsþjálfun og félagsþjálfun, og bætir þannig við möguleika hvors kyns á að rækta hæfileika sína og áhugasvið án tillits til kyns.

### **Sérstök námskrá fyrir hvort kyn**

Þessi námskrá er ólík eftir því hvort kynið á í hlut; meginuppistaða drengjauppeldisins er félagsþjálfun og meginuppistaða stúlknauppeldisins er einstaklingsþjálfun. Bæði kyn fá þó auðvitað báðar tegundir þjálfunar þó í ólíkum skömmtum sé. Kynjanámskráin er uppþátarvinna sem snýst um „...að veita hvoru kyni sérstaka uppþát á sviðum sem þau hafa lítið þjálfað vegna kynferðis“ eins og segir í handbók Hjallastefnunnar. Þannig gengur stúlknauppeldið út á að bæta stúlkunum upp þá þjálfun sem þær hafa ekki hlotið vegna þess

að þær eru stúlkur en það eru helst einstaklingsþættir; í fyrsta lagi sjálfstæði, sjálfsvitund og sjálfstraust, í öðru lagi jákvæðni og hreinskiptni og í þriðja lagi frumkvæðis-, kraft- og kjarkkennsla. Drengjauppeldið gengur á sama hátt út á að bæta drengjunum upp þjálfun sem þeir hafa farið á mis við vegna þess að þeir eru drengir. Hjá þeim eru það helst félags- og samskiptaþáttunum sem er ábótavant en þeir skiptast í þrjú meginsvið: aga- og hegðunarkennslu, viðhorfakennslu eða félagslega jákvæðni sem eykur samstöðu og hamlar gegn einelti og loks nálægðarkennslu með áherslu á tilfinningar og umhyggju.

### **Stúlknauppeldið – einstaklingsþjálfun**

Í byrjun einstaklingsþjálfunarinnar er áherslan lögð á að styrkja sjálfstraust og sjálfsvitund stúlkanna um sig sem einstaklinga og hvetja hverja og eina þeirra til þess að taka sér rými, bæði í menningu og umræðu hópsins en líka bókstaflegt, líkamlegt rými. Annað stig einstaklingsþjálfunar Hjallastefnunnar er hreinskiptni- og jákvæðnikennsla þar sem unnið er að því að styrkja sjálfsþekkingu stúlkna og umburðarlyndi gagnvart eigin styrk- og veikleikum og jafnframt að þær læri að koma óskum sínum og skoðunum að á hreinskiptinn hátt. Ein afleiðing þess hve raddir stúlkna eru þaggaðar í skólastarfi er að stór hluti neikvæðrar hegðunar þeirra fer leynt, líkt og Marion Underwood svo og Sinikka Aapola, Marnina Gonick og Anita Harris hafa bent á. Með hreinskiptni- og jákvæðniþjálfuninni er hægt að fá neikvæð samskiptamynstur og óþekkt stúlkanna upp á yfirborðið, þar sem hægt er að eiga við hana. Í þessum áfanga einstaklingsuppeldisins er mikil áhersla lögð á að æfa gleði og glens, hvetja stúlkurnar til þess að taka lífinu með minni alvöru og leyfa sér að kætast. Þriðji meginþáttur einstaklingsuppeldisins er síðan kraft- og kjarkkennsla sem eflir frumkvæði og þor til að gefa stúlkunum sjálfsmynd „...sterkra og hraustra stúlkna sem geta allt sem þær vilja...“ eins og Margrét Pála orðar það. Þetta er gert með stöðugri hvatningu til þess að ögra þeim út fyrir hinn hefðbundna ramma kvenhlutverksins, frá óvirkni þolendahlutverksins yfir í gerendahlutverk. Til þessa er líkamleg hreyfing ein besta leiðin og Hjallastefnan notar svokallaðar kjarkæfingar til að æfa kjark og frumkvæði. Kjarkæfingar eiga að vera óvenjulegar, fjörugar, líkamlegar og hávaðasamar. Þessa áherslu Hjallastefnunnar á að þjálfastelgur í að taka rými er athyglisvert að skoða í ljósi skrifa þeirra Tuula Gordon, Janet Holland og Elina Lahelma en þær hafa séð samhengi milli þess hversu mikið rými ungt fólk tekur í skólum og þess hve mikið rými það tekur sér síðar í samfélagslegri þátttöku, og enn eru stúlkur að taka allt of lítinn skerf af hvoru tveggja. Það er þekkt fyrirbæri að sjálfmynd stúlkna virðist ekki styrkjast í sama mæli og sjálfsmynd drengja á grunnskólaaldrinum og eru ýmsar getgátur uppi um orsök þess en Aapola, Gonick og Harris telja að einhverjir þættir þess

kvenhlutverks sem stúlkum er ætlað að fara inn í séu orsakavaldurinn. Hjallastefnan mætir þessu vandamáli með því að styrkja sjálfsmynd stúlkanna svo og brjóta upp og víkka út hugsun þeirra um hvað það feli í sér að vera stelpa og kona.

### **Drengjauppeldið – félagsþjálfun**

Hegðunarkennslan er grundvöllur þess að aðrir þættir félagsþjálfunarinnar geti gengið upp. Þessi grunnþáttur þjálfunarinnar felst að stærstum hluta í að aga drengina, kenna þeim ásættanlega framkomu við aðra og að þjálfna þá í að hlusta á og fara eftir fyrirmælum. Þegar drengirnir hafa náð valdi á góðri hegðun hefst viðhorfakennslan en Margrét Pála Ólafsdóttir telur að eitt helsta verkefni leikskólans sé að kenna og móta viðhorf barna og mikilvægasti þátturinn þar innan er viðhorf þeirra til hlutverka og hegðunar kynjanna. Samkvæmt Hjallastefnunni er viðhorfakennslan æfing í félagslegri jákvæðni og samstöðu og fyrst er byrjað á viðhorfi drengjanna til sjálfra sín. Þannig leitar Hjallastefnan leiða til þess að gefa piltunum þá sjálfsmynd að þeir séu „...fallegir, ljúfir og vingjarnlegir einstaklingar...“ og að þeir eignist hæfnina til náinnar vináttu, eins og stendur í áðurnefndri handbók Hjallastefnunnar. Rætt er opinskátt um einelti og viðbrögð við því og drengjunum kennt að verjast stríðni og áreitni og að verja vini sína fyrir því sama og einnig æfa þeir sig í því að skoða og skilja hvenær þeir sjálfir eru að senda einhverjum neikvæð skilaboð eða „bögg“. Mikilvægt er í viðhorfakennslunni að kennarar aðstoði drengina út úr blóraböggulshugsun og spyrji t.d. aldrei „hver byrjaði slagsmálin?“ eða „hvað gerðist?“ heldur hjálpi piltunum að leita leiða til þess að laga málin og gera gott úr öllu. Nálægðarkennsla er síðan þriðji þáttur félagsþjálfunarinnar í drengjauppeldinu. Með nálægðarkennslunni er drengjunum gefinn kostur á að vinna með tilfinningar sínar svo og að æfa nálægð, snertingu og umhyggju hver fyrir öðrum. Þetta samræmist því sem Lingard, Martino og Mills benda á, en það er mikilvægi þess að minnka hómófóbíu drengja. Dæmi um nálægðaræfingar sem notaðar eru í Hjallastefnuskólum eru speglaæfingin, þar sem drengirnir sitja í friði framan við spegil og horfa á sjálfa sig og æfa sig í að segja falleg orð frá hjartans rótum við sjálfa sig í speglinum, handanudd, þar sem tveir og tveir drengir vinna saman og skiptast á að nudda hendur hvors annars með kremi og svo geta dýr verið einstaklega hjálpleg í nálægðaræfingum; sérstaklega loðin og mjúk dýr en flestir piltar eiga auðvelt með nánd við dýr, þó sumum reynist nánd við annað fólk erfið.

### **Samskipti við hitt kynið**

Viðhorf drengja til stúlkna er líka mikilvægur þáttur drengjauppeldis Hjallastefnunnar en áðurnefndir Lingard, Martino og Mills segja að auk hómófóbíunnar þurfi að vinna með kvenfyrirlitningu drengja. Einnig þarf að hjálpa stúlkunum að öðlast jákvætt viðhorf til strákanna því ekki er óalgengt að litlar stelpur séu hálfhræddar við stráka eða telji þá hávær hrekkjusvín. Hjallastefnukennarar gæta þess að halda uppi mjög jákvæðri orðræðu í garð hins kynsins og er það auðveldara í kynjaskiptu starfi þar sem drengirnir horfa ekki sífellt upp á neikvæðar birtingarmyndir staðalmynda kvenleikans og öfugt. Þannig á hver drengjahópur í Hjallastefnuskólum alltaf fastan vinkonuhóp af stelpukjarna sem þeir hitta einu sinni á dag til að æfa samskipti og vináttu. Þannig hittast kynin daglega í þeim eina tilgangi að æfa gagnkvæma virðingu og eiga ánægjulega stund saman sem er liður í undirbúningi að farsælli kynjablöndun í hinu stærra samfélagi.

### **Kynjaskipting með nýju sniði**

Viða um lönd er gömul hefð fyrir kynjaskiptu skólastarfi og var það oftast nær sniðið til þess að ala börn upp í hinu hefðbundna gamaldags kynhlutverki. Síðustu ár hefur kynjaskipt skólastarf með öðru sniði fengið aukinn hljómgrunn á Vesturlöndum og er það hugsað í nýjum tilgangi þ.e. þeim að vinna með veikleika hvors kyns um sig og þá einkum til þess að bæta námsárangur drengja og styrkja sjálfsmynd stúlkna svo og til að reyna að sporna við kynbundnu námsvali á æðri stigum náms. Sá grundvallarmunur er því á hefðbundnu kynjaskiptu starfi og Hjallastefnunni að þar sem hið fyrrnefnda ítrekaði og festi í sessi hefðbundin heftandi kynhlutverk leitast Hjallastefnan markvisst og meðvitað við að brjóta þau upp. Jafnréttisuppeldi Hjallastefnunnar hefur loks fengið verðskuldaðan sess í skólamálaumræðu enda rímar kynjanámskráin við flest það sem ferskast er á borðum í umræðu um stöðu kynjanna í skólastarfi.

## Helstu rit og rannsóknir sem vitnað er til í greininni:

- Aapola, S., Gonick, M. og Harris, A. (2005). *Young Femininity. Girlhood, Power and Social Change*. New York: Palgrave McMillan.
- Berglind Rós Magnúsdóttir (2004). Kynning á rannsókn: *Kyngervi, völd og virðing í skólastofunni. Eru stelpurnar að taka yfir?* Fyrirlestur á vegum RIKK, Háskóla Íslands 18. nóvember 2004.
- Gordon, T., Holland, J., og Lahelma, E. (2000). From pupil to Citizen. A gendered route. Í Arnot, M. og Dillabough, J. (2000) *Challenging Democracy: International Perspectives on Gender, Education and Citizenship*. bls. 187-202. London: Routledge.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík: Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Kruse, A.M. og Margrét Pála Ólafsdóttir (1992). *Hjalli, - a rather unusual nursery school*. Danmörk: Cekvina.
- Martino, W., Lingard, B. og Mills, M. (2005) Interrogating single-sex classes as a strategy for addressing boys' educational and social needs. *Oxford Review of Education*, 31, 2, bls. 237-254.
- Margrét Pála Ólafsdóttir (2000). *Gengi Hjallabarna í grunnskóla. Hefur kynjaskipt leikskólastarf áhrif á færni, líðan og viðhorf stúlkna og drengja þegar í grunnskóla er komið?* Óbirt M.Ed ritgerð: Kennaraháskóli Íslands.
- Margrét Pála Ólafsdóttir (2004). Stúlkur og drengir – hvert er vandamálið? Í Lilja S. Sigurðardóttir og Margrét Pála Ólafsdóttir (ritstj.) *Börn eru bæði stelpur og strákar*. Hafnarfjörður: Hjallastefnan ehf.
- Margrét Pála Ólafsdóttir (1992). *Æfingin skapar meistarann. Leikskóli fyrir stelpur og stráka*. Reykjavík: Mál og menning.
- Margrét Pála Ólafsdóttir (1999). *Hjallastefnan. Leikskóli frá hugmynd til framkvæmda*. Handbók, hefti 1. Reykjavík: Hjallastefnan ehf.
- Underwood, M.K. (2003). *Social Aggression Among Girls*. New York: The Guilford Press.